




Frístundabæklingur

Snæfellsbæjar



2020-2021

Sundlaug Snæfellsbæjar vetur 2020-2021


	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:30-9:10			Skólasund		
9:10-9:50			Skólasund		
9:50-10:10					
10:10-10:50	Skólasund	Fullorðnir		Fullorðnir	Skólasund
10:50-11:30	Skólasund				Skólasund
11:30-12:00					
12:00-12:40	Skólasund			Skólasund	
12:40-13:20	Skólasund	Skólasund	Skólasund	Skólasund	
13:20-14:00	Skólasund	Skólasund	Skólasund	Skólasund	Skólasund
13:30-14:10					
14:10-15:10	Sund UMF		Sund UMF		
15:10-16:10	Sund UMF		Sund UMF	Sund UMF	
16:10-17:10	Sund UMF		Sund UMF		
17:10-18:10					



Aksturstafli 2020–2021 – frjalsar ferðir

kl.	Mánudagur	kl.	Þriðjudagur	kl.	Miðvikudagur	kl.	Fimmtudagur	kl.	Föstudagur
14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi
15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík
15:50	Frá Hellissandi	15:50	Frá Hellissandi	15:50	Frá Hellissandi	15:50	Frá Hellissandi	15:50	Frá Hellissandi
16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík
16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi
17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík
17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi
18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík
19:00	Frá Hellissandi	19:00	Frá Hellissandi	19:00	Frá Hellissandi	19:00	Frá Hellissandi		
19:20	Frá Ólafsvík	19:20	Frá Ólafsvík	19:20	Frá Ólafsvík	19:20	Frá Ólafsvík		
19:50	Frá Hellissandi	19:50	Frá Hellissandi			19:50	Frá Hellissandi		
20:00	Frá Ólafsvík	20:00	Frá Ólafsvík			20:00	Frá Ólafsvík		
20:45	Frá Hellissandi	20:45	Frá Hellissandi			21:45	Frá Hellissandi		
21:00	Frá Ólafsvík	21:00	Frá Ólafsvík			22:00	Frá Ólafsvík		

Bláar ferðir eru þegar félagsmiðstöðin Afdrep er opin



Kæru íbúar Snæfellsbæjar

Í þessum bækling er að finna allar helstu upplýsingar um íþrótt- og tómstundastarf í Snæfellsbæ. Það er mikið og blómlegt starf í gangi um allt sveitarfélagið og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Snæfellsbær býður upp á fjölbreytt úrval af afþreyingu og útivistarmöguleikum fyrir unga sem aldna. Til að mynda eru margar og fjölbreyttar gönguleiðir í Snæfellsbæ og ættu allir að geta fundið leið við sitt hæfi. Hægt er að stunda sjóþöð þar sem aðgengi að ströndum sem henta til sjósunds er víða í bæjarfélaginu. Ekki má gleyma skógræktarsvæðunum þar sem hægt er að hægja á ferðinni og staldra við í skógi vöxnum náttúruperlum.

Árið 2020 hefur verið einstakt og ekki hefur verið hægt að halda úti hefðbundum félagsstörfum og æfingum. Það er útlit fyrir að þetta ástand muni halda áfram eitthvað fram á næsta ár og því eru þær upplýsingar sem fram koma hérna í þessum bækling með fyrirvara um það.

Íþróttamannvirki Snæfellsbæjar

Íþróttahús Snæfellsbæjar

Íþróttahúsið á Hellissandi

Sundlaug Snæfellsbæjar

Lýsulaugar á Lýsuhóli

Sparkvellir í Ólafsvík og á Hellissandi

Ólafsvíkurvöllur

Reynisvöllur

Leikvellir, ærslabélgir og hjólabraut

Á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is, er að finna allar helstu upplýsingar um íþróttamannvirki Snæfellsbæjar.

Allar fréttir og tilkynningar frá íþróttahúsi Snæfellsbæjar og sundlaug koma á facebook síðu íþróttahúss og sundlaugar: [íþróttahús](#) og [sundlaug Snæfellsbæjar](#).



Íþróttta- og æskulýðsnefnd Snæfellsbæjar

Helstu verkefni íþróttta- og æskulýðsnefndar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast íþróttta- og æskulýðsmálum
 - að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar
 - að stuðla að fjölbreytni í íþróttta- og æskulýðsmálum
- að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum bæjarins í samvinnu við íþróttta- og æskulýðsfulltrúa
 - að kynna íþróttta- og æskulýðsstarf í Snæfellsbæ
- að vera íþróttta- og æskulýðsfulltrúa innan handar við framkvæmd heilsuviku í Snæfellsbæ og jafnframt annarra viðburða sem haldnir eru innan þessa málaflökks
 - að fjalla um önnur þau mál er bæjarstjórn felur nefndinni

Íþróttta- og æskulýðsnefnd 2018-2022

Aðalmenn

Rán Kristinsdóttir, formaður
Atli Már Gunnarsson
Daði Rúnar Einarsson
Ása Gunnarsdóttir
Adam Geir Gústafsson

Ungmennaráð Snæfellsbæjar

Tilgangur UMSNÆ er að vera bæjarstjórn Snæfellsbæjar til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu, þjálfa ungmenni yngri en 20 ára í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum, áherslum og tillögum við bæjarstjórn Snæfellsbæjar og hafa með þeim hætti áhrif á nærumhverfi og aðstæður ungmenna í sveitarfélaginu.

Ungmennaráð Snæfellsbæjar 2020-2021

Minela Crnac
Björg Eva Elíasdóttir
Anel Crnac
Margret Vilhjálmsdóttir
Davíð Svanur Hafþórsson
Mónika Rán Kristgeirsdóttir

Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi í Snæfellsbæ

Laufey Helga Árnadóttir
Netfang: laufey@snb.is

Sími: 847-0830





Íþróttahús

Snæfellsbæjar

Íþróttahús Snæfellsbæjar er staðsett við Engihlíð 1 í Ólafsvík.

Löglegir keppnisvellir eru fyrir handbolta, blak, körfubolta og badminton. Æfingavellir eru nokkrir fyrir þessar greinar auk góðrar aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir, þ. á m. stangarstökk.

Íþróttahús Snæfellsbæjar er opið öllum bæjarbúum og í boði eru skipulagðir tímar en einnig er hægt að kaupa staka tíma og kort þar sem íbúar bæjarins geta leigt íþróttasalinn fyrir boltaíþróttir eða annað.



Ungmennafélagið Víkingur/Reynir og knattspyrnudeild meistaraflokks Víkings eru með skrifstofuaðstöðu í húsinu.

Starfsfólk:

Laufey Helga Árnadóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi

Kristinn Ásbjörnsson

Rakel Ósk Gunnarsdóttir

Þorbjörg Höskuldsdóttir

Zikret Mehic

Sími íþróttahúss er 433-9912

Sundlaug Snæfellsbæjar

Sundlaug Snæfellsbæjar stendur við Ennisbraut í Ólafsvík, við hlið grunnskólans, og er samföst íþróttasvæðinu við Engihlíð.

Laugin er 12,5 m innilaug með heitum potti. Einnig er útisvæði með heitum pottum, köldum potti, vaðlaug og rennibraut. Við sundlaugina er skóli, íþróttahús, knattspyrnuvöllur, gervigrasvöllur, leiktæki og stutt í alla þjónustu.

Almennur opnunartími:

Virkir dagar: 07:30 – 21:00

Helgar: 10:00 – 17:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 30 mínútum fyrir lokun.

Innisundlaug er lokuð almenningi þegar skólasund og sundæfingar standa yfir. Útisvæði er alltaf opið almenningi. Hægt er að fara í heita potta úti og vaðlaug þó að sundkennsla/æfingar standi yfir.



Lýsulaugar

Lýsulaugar sem standa við Félagsheimilið að Lýsuhóli er laug með náttúrulega heitu ölkelduvatni.

Ölkelduvatnið er ríkt af steinefnum og myndar grænþörunginn chlorellu sem talinn er mjög hollur og græðandi fyrir húðina. Hitastig vatnsins er frá 34°C uppí 43°C og því tilvalið til slökunar. Engum efnum, s.s. klór, er bætt í vatnið.

Á síðustu árum hefur bærinn unnið að uppbyggingu Lýsulauga. Vorið 2016 var búningsaðstaðan bætt og veturinn 2018-19 var ráðist til framkvæmda í laugargarðinum. Gamla laugin var rifin burtu og ný steipt upp, það sama var gert við annan heita pottinn. Einnig var bætt við drykkjarbrunni og köldu kari.

Lýsulaugar eru opnar alla daga frá 11:00 – 20:30 yfir sumartímann, frá byrjun júní fram í miðjan ágúst.



Félagsmiðstöðin Afdrep



Félagsmiðstöðin Afdrep er staður þar sem unglingar í 8. – 10. bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar fá tækifæri til að hittast og verja frítíma sínum í uppbyggilegu umhverfi. Tilgangur félagsmiðstöðvarinnar eru að unglingarnir hafi stað þar sem þeir geta komið saman, spjallað, spilað og átt góðar stundir. Félagsmiðstöðin er vettvangur unglinganna, þeirra félagsmiðstöð og því er unnið markvisst að því að virkja þau í starfinu og fá þeirra hugmyndir og framkvæma þær með þeim. Ýmsir fastir viðburðir eru á starfsárinu þar sem meðal annars er farið á Sam-Vest, Stíl, Rímnaflæði og Samfestinginn.

Afdrep er opin veturinn 2020-2021:

Mánudaga	19:00 til 21.00
Þriðjudaga	19:00 til 21.00
Fimmtudaga	19.30 til 22.00



Frá janúar fram í maí er félagsmiðstöðin opin einu sinni í viku fyrir 5. – 7. bekk á miðvikudögum kl. 17-19.

Allar nánari upplýsingar um dagskrá Afdreps er að finna á facebook síðunni: Afdrep félagsmiðstöðin.

Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar eru Pétur Steinar Jóhannsson og Emilía Björg Sigurjónsdóttir

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar

Starfsstöðvar Tónlistarskóla Snæfellsbæjar eru þrjár: í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli og kennslan byrjar í lok ágúst.

Í tónlistarskólanum er boðið upp á heilt og hálf tón nám, bæði í hljóðfæraleik og rytmísk söng. Hljóðfæradeild Tónlistarskóla Snæfellsbæjar skiptist í klassíska deild og rytmíska deild. Við erum með tréblásturshljóðfæri, málmblásturshljóðfæri, gítar, bassa, píanó og rytmísk söng. Krakkarnir geta byrjað að stunda nám frá fimm ára aldri. Í skólanum eru ekki eingöngu börn, þar er líka starfrækt deild fyrir fullorðna nemendur, en þeir halda tónleika tvisvar á ári. Öllum er velkomið að sækja um nám í tónlistarskólanum.

Nemendur og kennarar tónlistarskólans taka virkan þátt í menningarlífi bæjarfélagsins. Það er spilað við guðsþjónustur í kirkjunum og það eru tónfundir einu sinni á hverri önn. Að auki eru haldnir jólatónleikar og vortónleikar þar sem allir bæjarbúar eru velkomnir. Nemendur tónlistarskólans hafa jafnframt árlega tekið þátt í uppskeruhátíðinni „Nótan“ sem fram fer um allt land.

Á vorin eru haldin vorpróf fyrir alla, og fyrir þá sem hafa áhuga á að halda lengra í tónlist og ná að æfa sig mikið heima, stendur til boða að taka grunnstigspróf, miðstigspróf og framhaldspróf.

Kennarar tónlistarskólans bjóða upp á ókeypis tónlistarnám fyrir elsta árganginn í leikskólum Snæfellsbæjar og kemur kennari bæði í Krílakot í Ólafsvík og Kríuból á Hellissandi einu sinni í viku. Frá árinu 2018 var farið af stað með samstarfsverkefni tónlistarskóla og miðstigs grunnskóla þar sem kennari frá tónlistarskólanum kemur í skólann og kennir tónmennt í 5.-7. bekk ásamt því að verða með kynningu á hljóðfærum.

Tónlistarskólinn hefur jafnframt staðið fyrir barna- og skólakór Snæfellsbæjar í samvinnu við grunnskólann.

Foreldra- og styrktarfélag tónlistarskólans hefur verið mjög virkt. Félagið sér um styrktarsjóð sem notaður er til að kaupa hljóðfæri fyrir skólann, en jafnframt til að gera ýmislegt skemmtilegt fyrir nemendur hans. Það hafa verið skipulögð tónlistarferðalög og námskeið og líka hefur gesturm verið boðið að halda tónleika.

Skólastjóri er Valentina Kay.

Símanúmer: 433 – 9928 / 433 – 9929

Netfang: tonlistarskoli@snb.is

Tónlistarskólinn er til húsa við Hjarðartún 4 – 6 í Ólafsvík,

Keflavíkurgötu 2 á Hellissandi og í Lýsuhólsskóla í Staðarsveit.



Skólakór Snæfellsbæjar

Skólakór Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2007 og síðan þá hefur kórstarfið verið fyrir börn á aldrinum 7 til 15 ára mjög öflugt og slitulaust undir stjórn Veronicu Osterhammer og Nönnu Þórðardóttir meðleikara. Kórstarfið er samstarfsverkefni á milli Grunnskóla Snæfellsbæjar og Tónlistarkóla Snæfellsbæjar. Æfingar eru einu sinni í viku, annars vegar fyrir yngri krakka frá 2. bekk á Hellissandi og svo fyrir eldri í Ólafsvík.

Fastir liðir í kórstarfinu eru árlegir vor- og jólatónleikar, sveitaferð og æfingadagur að hausti á Brimilsvöllum og kórferðalag um vorið. Auk þess kemur kórinn fram við ýmis tækifæri eins og Fjölmenningshátíð, þegar kveikt er á jólatréinu, aðventukvöldi, æskulýðsmessu og margt fleira. Við höfum tekið þátt í Landsmóti barnakóra og hitt aðra barnakóra á landinu. Barnakórstarfið er mjög dýrmætt val fyrir börnin sem stunda það, þau fá tónlistarlegt uppeldi, skapandi söngnám, raddþjálfun, tónlistarlegt innsæi og þjálfun í framkomu og finna fyrir samkennd í kórsöng. En ekki síst er barnakórinn líka dýrmætur fyrir allt samfélagið, veitir mikla gleði með framkomum, ekki bara hjá foreldrum, ömmum og öfum og sýnir fram á metnað og menningu í bæjarfélaginu. Við höfum fengið mikið hrós fyrir skólakórinn okkar hvar sem hann hefur komið fram, frá áheyrendum og frá tónlistarfagfólki sem við höfum sungið með. Mörg kórbörn hafa einnig skilað sér áfram í einsöngsnám í tónlistarskóla Snæfellsbæjar. Höfum ávallt í huga að syngjandi börn eru glöð börn.

Með söngkveðju

Veronica Osterhammer



Ungmennafélagið Víkingur/Reynir

Víkingur/Reynir sér um barna- og unglíngastarf á vegum ungmennafélaganna Víkings í Ólafsvík og Reynis á Hellissandi. Ungmennafélagið Reynir var stofnað árið 1934 og Víkingur árið 1928. Síðastliðin ár hafa félögin unnið saman í góðu samstarfi og munu áfram koma til með að gera. Ein stjórn er yfir félögunum og vinna allir saman að heilbrigðri og fjölbreyttri íþróttaiðkun í Snæfellsbæ þar sem börn og unglíngar eru í fyrirrúmi. Til að finna upplýsingar um æfingar og annað starf á vegum félaganna bendum við áhugasömum á að fylgjast með samstarfi Víkings/Reynis á facebook síðu félagsins:

umf víkingur/reynir

Stjórn ungmennafélagsins Víkings/Reynis starfsárið 2020-2021

Michael Gluszuk, formaður

Heimir Berg, gjaldkeri

Ari Bent Ómarsson, ritari

Selma Pétursdóttir, meðstjórnandi

Alexander F. Kristinsson, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri: Kristfríður Rós Stefánsdóttir (í fæðingarorlofi)

Knattspyrna

Þjálfarar í vetur verða:

Selma Pétursdóttir

Vignir Snær Stefánsson

Anel Crnac

Minela Crnac

Suad Begic

Harley Willard

Það hefur verið mikið starf í knattspyrnunni hjá félaginu undanfarin ár og eru æfingar fyrir leikskólabörn og eldri. Æfingar í vetur verða stundaðar inni og úti á gervigrasvöllinum meðan hægt er. Sjá nánari upplýsingar um æfingatíma á töflu ungmennafélagsins. Auk hefðbundna æfinga í töflu eru svo laugardagsæfingar þar sem spilað er saman undir stjórn hina ýmsu þjálfara.

Ungmennafélagið Víkingur/Reynir er í Snæfellsnessamstarfinu og keppir undir þeim merkjum. Allar nánari upplýsingar um Snæfellsnessamstarfið má finna á:

Heimasíða: <https://snaefellsnessamstarf.wordpress.com/>

Facebook síða: Fótboltinn á Snæfellsnesi, Snæfellsnes



Frjálsar íþróttir:

Þjálfari: Elín Dögg Þráinsdóttir

Boðið er upp á æfingar tvisvar í viku fyrir krakka í 1. - 5. bekk og 6. - 10. bekk. Lagður verður grunnur fyrir iðkendur þar sem farið verður í grunnstigin í frjálsum og svo er greinunum skipt upp og hver og ein grein æfð í 2-3 vikur í senn.

Sund:

Þjálfari: Bryndís Guðrún Kristjánsdóttir

Það verða tvær æfingar í viku fyrir börn í 1. - 2. bekk og 3. -5. bekk og þrjár æfingar fyrir 6. - 10. bekk. Bryndís hefur verið með sundæfingar undanfarin ár og undir hennar handleiðslu hafa sundæfingar gengið vel og börnin tekið umtalsverðum framförum og einnig orðið töluverð aukning á iðkendum í sundi. Stefnt er á að hafa aftur jólasundmót fyrir iðkendur og mun Bryndís Guðrún sjá um skipulagið á því.

Körfubolti:

Þjálfari: Stefán frá Deildartungu

Þetta er annað árið núna þar sem körfuboltaæfingar eru og er greinilega mikill áhugi á þeirri íþróttagrein. Það verða æfingar einu sinni í viku fyrir 1. -6. bekk og 7. - 10. bekk. Félagið er búið að vera í sambandi við körfuknattleiksdeild Snæfells og hefur iðkendum okkar boðist að keppa með félaginu undir þeirra merki og mæta á æfingar hjá þeim í Stykkishólmi og er því komið gott samstarf á milli Snæfellsbæjar og Stykkishólms í körfuboltanum.



Knattspyrnudeild Víkinga



Stjórn Knattspyrnudeildar Víkinga Ó. sér um rekstur á meistaraflokksliði Víkinga Ó. í knattspyrnu. Liðið hefur leikið í tveimur efstu deildum Íslands síðastliðin tíu ár en þar af hefur liðið spilað þrjú tímabil í efstu deild. Á þessum tíma hefur liðið einnig komist tvívegis í undanúrslit bikarkeppni KSÍ, árin 2010 og 2018, og í leiðinni slegið sterk lið úr keppni.

Þjálfari liðsins í dag er Guðjón Þórðarson en hann tók tímabundið við liðinu af Jóni Páli Pálmasyni í sumar. Áður hafði Ejub Purisevic þjálfað liðið í 17 ár en hann lét af störfum síðastliðinn vetur.

Stjórn knattspyrnudeildar

Formaður, Jóhann Pétursson

Hilmar Hauksson

Kristmundur Sumarliðason

Atli Már Gunnarsson

Gunnar Helgi Baldursson

Gunnsteinn Sigurðsson

Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar er Þorsteinn Haukur Harðarson.

Liðið leikur nú í næst efstu deild, Lengjudeildinni, og mun einnig leika í þeirri deild árið 2021. Til gamans má geta að sjaldan eða aldrei hafa fleiri heimamenn spilað með liðinu en akkúrat í ár. Ungir og efnilegir heimastrákar hafa fengið kærkomið tækifæri til að láta ljós sitt skína í sumar og verður ákaflega gaman að sjá þá spila enn stærra hlutverk með liðinu á komandi árum.

Ungmennafélag Staðarsveitar



Ungmennafélag Staðarsveitar var stofnað árið 1912 og starfar á sunnanverðu Snæfellsnesi. Meðlimir eru íbúar Staðarsveitar og Breiðuvíkur en starfsemin hefur verið í blóma í yfir 100 ár. Markmið félagsins er að viðhalda hinum sanna ungmennafélagsanda og hvetja fólk til að rækta líkama og sál.

Ungmennafélagið hefur frá stofnun þess til dagsins í dag stutt við íþróttastarf á sunnanverðu Snæfellsnesi. Frá upphafi hafa frjálsar íþróttir, sund og fótolti átt stóran þátt í starfinu en í dag er starfið enn fjölbreyttara og má þar nefna vatnastund, gönguferðir og ýmiskonar skemmtanir fyrir alla aldurshópa. Það lætur til sín taka á mörgum sviðum eitt og sér og í samstarfi við önnur félög. Starfið er líflegt og má nefna árlega keppni í vatnasundi, 17. júní skemmtun og almennan stuðning við íþróttastarf ungmenna á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Formaður er Sigurósk Sunna Magnúsdóttir

Netfang: sunnausa@gmail.com

Hægt er að kynna sér betur starfið á heimasíðu félagsins: www.umfstadar.is

Eins er hægt að fylgjast með fréttum af starfi félagsins á facebook.

Texti fenginn af heimasíðu Snæfellsbæjar.

Motorcrossklúbbur

Snæfellsbæjar

Mótorkrossbrautin í Snæfellsbæ er staðsett á Breiðinni fyrir utan Enni, milli Ólafsvíkur og Rífs.

Fyrstu drög að brautinni má rekja aftur til ársins 1981 og var fyrsta keppnin haldin 1984.

Motorcrossklúbbur Snæfellsbæjar (MXS) var stofnaður rétt fyrir aldamótin 2000. Klúbburinn var mjög virkur og voru haldnar keppnir á hverju sumri allt til ársins 2007, en eftir það lagðist starfsemin niður.

Árið 2018 var klúbburinn endurvakinn og haldin var keppni árið 2019.

Mikil uppbygging er framundan á svæðinu. Reynt verður að koma brautinni í sitt fyrra horf svo hægt sé að bjóða upp á flotta afþreyingu fyrir mótorhjólafólk, bæði heimamenn og gesti.

Seldir eru miðar í brautina í Söluskála ÓK Ólafsvík, en einnig er hægt að fjárfesta í árskortum.



Félag eldri borgara

Félag eldri borgara í Snæfellsbæ var stofnað 5. apríl 2000 þannig að félagið varð 20 ára nú í vor.

Starfsemi félagsins hefur verið að þróast þessi ár og er í dag orðin bara þó nokkuð mikil. Mikið og fjölbreytt starf er hjá félaginu og það er m.a. boðið upp á félagsstarf á miðvikudögum.

Ef við tölum um alla þá hreyfingu sem í boði er, er fyrst til að telja sundleikfimina sem er búin að vera lengst, og er alveg ómissandi og mjög vel sótt. Í dag er það hún Bryndís Kristjánsdóttir sem sér um hana með sóma. Það var reynt að hafa mini golf inn á Klifi en er ekki lengur. Vonandi tekst að endurvekja það. Boccia er búin að vera æft í nokkuð mörg ár og hefur verið keppt á mótum hér á Vesturlandi og hér hafa verið haldin mót sem félagið hefur séð um. Þá hefur verið í boði í nokkuð langan tíma að fara í íþróttahúsið, yfir vetrartímann, tvo daga í viku og ganga, sem nokkuð margir hafa nýtt sér.

Í janúar á þessu ári var samið við líkamsræktarstöðvarnar í bæjarfélaginu um að vera með hreyfingu fyrir þennan hóp sem var komið á gott skrið þegar covid 19 gerði okkur grikk og gerir enn. En við förum á stað um leið og hægt er því nokkur fjöldi vildi taka þátt í þessu. En það er mikið af fólki sem fer út að ganga sem er alveg frábær hreyfing og heilsusamleg.

Það skal tekið fram að Snæfellsbær er okkar besti stuðningsaðili og hefur greitt mjög götu okkar frá upphafi.

Í stjórn félagsins eru núna Margrét Vigfúsdóttir, Pétur Steinar Jóhannsson og Sigurbjörg Kristjánsdóttir.

Með kveðju frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ

Margrét Vigfúsdóttir

formaður



Golf í Snæfellsbæ

Í Snæfellsbæ eru tveir golfvöllir, ólíkir og krefjandi sem gaman er að spila í góðra vina hópi.

Fróðárvöllur, Golfklúbburinn Jökull

Fróðárvöllur er skemmtilegur 9 holu völlur við Fróðárheiðina að norðanverðu með útsýni yfir Breiðafjörðinn. Golfklúbburinn Jökull var stofnaður árið 1973 og verður því 50 ára 2023. Mikil aukning og áhugi er á golfi hér í Snæfellsbæ og eru margar ástæður fyrir þessum mikla áhuga. Golf er skemmtilegt fjölskyldusport og útivera, og hægt að stunda hvenær sem er, völlurinn opinn allan sólarhringinn. Bygging á nýjum velli í Rifi er mjög spennandi og mikil lyftistöng fyrir okkar samfélag, stefnan tekinn að opna völlinn 2023 á 50 ára afmæli klúbbsins. Verið er að útbúa inniaðstöðu á Hellissandi, sem er golfhermir og 80 fm þúttvöllur, verður opnað með haustinu, covid hefur sett strik í reikninginn og eftir er að útbúa salernisaðstöðu. Mikið hefur verið spilað á Fróðárvelli í sumar og sérstaklega hefur verið gaman að sjá hvað margar konur eru nýir iðkendur. Þórður Rafn Gissurarson golfkennari kom til okkar í sumar og voru margir sem nýttu sér heimsókn hans. Í framtíðinni sjáum við að fólk á eftir að leggja leið sína á Rifsvöll spila golf og nýta sér veitinga- og kaffihúsaflórana og gistinguástandi á svæðinu. Það skemmir svo ekki fyrir að svo er flugvöllurinn við hliðina á nýja vellinum okkar:) Mikil bjartsýni og jákvæðni er í golfurum á svæðinu, og vonandi lengist golfsumarið með komu nýja vallarins.

Hægt er að fylgjast með starfi golfklúbbsins á facebook síðunni Golfklúbburinn Jökull Ólafsvík
Jón Bjarki Jónatansson, formaður



Garðavöllur undir Jökli, Golfklúbbur Staðarsveitar



Garðavöllur undir Jökli er 9 holu völlur við sjávarsíðuna með fallegu útsýni yfir Snæfellsnesfjallgarðinn þar sem jökullinn ber við loft. Garðavöllur undir Jökli er á margan hátt sérstæður í hinni fjölbreyttu golfvallarflóru á Íslandi, með stutta fortíð að baki en á að talið er mikla framtíð fyrir sér.

Það var árið 1997 sem Þorkell Símonarson í Görðum fékk Hannes Þorsteinsson, golfvallaarkitekt til að hanna völlinn. Fluttar voru inn slátturvélar, keyptur gamall traktor og opnað svo í ágúst sama ár og þótti mönnum völlurinn nokkuð gisinn til að byrja með.

Það kom senn að því að þeir íbúar í sveitinni sem hvað skemmtilegast þótti að leika golf ákváðu að stofna með sér félagsskap og hlaut klúbburinn nafnið Golfklúbbur Staðarsveitar eftir hinu forna nafni sveitarinnar sem nú er hluti Snæfellsbæjar, en nokkuð var tekist á um nafn. Þetta var í ágúst 1998 og var stofnfundurinn haldinn í gistihúsinu Langaholti að Ytri Görðum og voru stofnfélagar átta talsins. Sumarið 2002 hlaut klúbburinn svo inngöngu í G.S.Í. og eru það óneitanlega þó nokkur tímamót í sögu vallarins og golfiðkunar á Íslandi yfirleitt.

Hægt er að fá allar upplýsingar um starf Golfklúbbs Staðarsveitar á heimasíðu félagsins, www.golfklst.is

Textinn fenginn af heimasíðu Golfklúbbs Staðarsveitar.



Ólafsvíkur- og Ingjaldshólskirkja



Ólafsvíkur- og Ingjaldshólssóknir bjóða upp á margskonar starf. Að venju er auk almennrar guðsþjónusta boðið upp á barna- og æskulýðsstarf, sem og kórastarf.

Guðsþjónustur eru að jafnaði fyrsta og þriðja sunnudag í mánuði, oftast klukkan 14, en einnig eru kvöldguðsþjónustur fyrirhugaðar 2. - 3. á önn. Á Ingjaldshóli eru guðsþjónustur að jafnaði annan sunnudag mánaðar klukkan 14. Nærandi fyrir sál og anda. Velkomin!

Kirkjuskólinn er á sínum stað og verður á miðvikudögum í Ólafsvíkurkirkju október og út nóvember. Hann verður á sama tíma í Ingjaldshólskirkju í febrúar og mars. Auk sóknarprests verður Guðrún Kristinsdóttir umsjónarmaður starfsins, ekki má gleyma Rebba ref, Mýslu, Nebba nef og félögum. Engar skrípamyndir.

Fermingarfræðsla er annan hvern miðvikudag klukkan 14:30 í Ólafsvíkurkirkju og hófst 15. september. Vonandi verður hægt að fara í ferðalag.

Æskulýðsstarf kirkjunnar fyrir unglinga í 8.-10. bekk er annað hvert miðvikudagskvöld klukkan 19:30-21:30. Kristbjörg Kristjánsdóttir og Elín Sigurveig Jónsdóttir verða umsjónarmenn í vetur. Ef aðstæður leyfa verður farið á landsmót á Sauðárkróki.

Boðið verður upp á sex til níu ára starf (STN) og tíu til tólf ára starf (TTT) ef umsjónarmenn fást og nægilegur áhugi. Það starf yrði í október og nóvember, sem og febrúar og mars.

Kirkjukórar safnaðanna eru með öflugt félagsstarf. Kóræfingar eru á fimmtudögum klukkan 19:00 í Ingjaldshólskirkju og 20:00 í Ólafsvíkurkirkju.

Nánari upplýsingar eru að finna á www.kirkjanokkar.is
Velkomin í öflugt starf í kirkjunni okkar.



Kirkjukór Ólafsvíkur



Kirkjukór Ólafsvíkur er blandaður kór með rúmlega 20 kórfélögum á öllum aldri. Kórfélagar leggja metnað sinn í að starfið einkennist af metnaði, gleði og skemmtilegu félagslífi. Söngskráin er fjölbreytt og heldur kórinn árlega vor- og jólatónleika ásamt því að fara reglulega í messuheimsóknir og tónleikaferðir innanlands. Ásamt þessu tekur kórinn þátt í helgihaldi í Ólafsvíkurkirkju.

Kórinn hefur farið í ferðir erlendis og haldið tónleika þar. Árið 2005 og 2015 fór kórinn til Þýskalands þar sem sungið var og heimaslóðir Veronicu kórstjóra skoðaðar. Árið 2002 var farið til Færeyja.

Kórinn hefur einnig gefið út geisladisk sem heitir “Íslensk og þýsk jól”.

Kórinn æfir alla fimmtudaga í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju frá klukkan 20:00 til 22:00.

Þeir sem hafa áhuga á söng ættu endilega að kíkja við hjá okkur.

Kirkjukór Ingjaldshólskirkju

Kirkjukór Ingjaldshólskirkju var formlega stofnaður þann 15. mars 1953. Kór Ingjaldshólskirkju er blandaður kór þar sem allir eru velkomnir. Frá því að kórinn var stofnaður fram til september 1980 var kórinn undir stjórn Jóhönnu Vigfúsdóttur. Kay Wiggs tók við starfinu haustið 1980 til ársins 2014 þar sem Elena Makeeca tók þá við og starfar enn í dag.

Kórinn tekur þátt í öllu helgihaldinu í Ingjaldshólskirkju, heldur einnig stundum tónleika. Kóræfingar eru vikulega á fimmtudögum í Safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju kl. 19 - 20:30.

Elena Makeeva



Sjóstangaveiðifélag Snæfellsness

Sjóstangaveiðifélag Snæfellsness, Sjósnae var stofnað árið 1990. Haldið var 30 ára afmælistótt í júní 2020. Mótið var vel sótt, aflinn með besta móti. Sjósnae hefur einnig verið með tvö bryggjumót fyrir börn og unglunga í Snæfellsbæ, á sjómannadaginn og á bæjarhátíðinni.

Sjól er okkar Landssambandsfélag. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér sjóstangveiðina enn betur er bent á skoða heimasíðu Landssambands sjóstangaveiðifélaga, www.sjol.is og taka þátt í gleðinni.

Síðustu ár hefur uppskeran verið mjög góð, Sjósnae hefur 4 sinnum átt íslandsmeistara. Árið 2018 var Björg Guðlaugsdóttir í 2. sæti kvenna og á hún stærsta þorsk sem veiðst hefur hjá Sjól. Árið 2019 var Jón Einarsson íslandsmeistari. Árið 2020 var Beata Makilla íslandsmeistari kvenna og Jón Einarsson í 2. sæti karla.

Stjórn Sjósnae:

Formaður Sigurjón Helgi Hjelm

Gjaldkeri Guðrún Gísladóttir

Ritari Gunnar Jónsson

Meðstjórnendur Björg Guðlaugsdóttir og Jón Einarsson

Rauðakrossdeild Snæfellsbæjar

Rauðakrossdeild Snæfellsbæjar er deild innan Rauða krosss Íslands og starfar samkvæmt reglum þeirrar hreyfingar.

Rauðakrossdeildin reynir að aðstoða þar sem þörf er á og meðal verkefna deildarinnar er að halda skyndihjálparnámskeið, umsjón með fatagámum, opna fjöldahjálparstöð ef þörf er á vegna slysa eða náttúruhamfara og einnig hefur deildin yfir að ráða fjöldahjálparstæði svo að hægt sé að koma búnaði á slysstað ef fjöldaslys verður utan þéttbýlis.

Deildin hefur einnig staðið fyrir tímabundnum verkefnum eins og Konukvöldi þar sem konur af erlendum uppruna komu saman til að spjalla. Rauðakrossdeildin hefur komið að fjölda verkefna í samstarfi við önnur félög og klúbba, má þar nefna fjárhagsaðstoð til einstaklinga fyrir jóla, Fjölmenningshátíð og 1-1-2 daginn.

Ef fólk vill gerast sjálfboðaliðar og taka þátt í starfi deildarinnar t.d. með því að gerast heimsóknarvinir þá hægt að hafa samband við fólk í stjórn deildarinnar eða fara á heimasíðu Rauða krossins rki.is og skrá sig þar.

Allir eru velkomnir að gerast félagar í deildinni.

Stjórn:

Guðrún Kristinsdóttir, formaður

Jóhannes Ólafsson, ritari

Daði Rúnar Einarsson, gjaldkeri



Björgunarsveitin Lífsbjörg

Starfið í björgunarsveitinni felur í sér þátttöku í fundum, vinnukvöldum, námskeiðum, æfingum og útköllum.

Fastir fundir eru annan hvern sunnudag fyrir félagsmenn.

Til að gerast félagi í sveitinni þarf að hafa náð 16 ára aldri og má þá taka þátt í störfum sveitarinnar, að undanskildum útköllum. Fullgildir félagar eru þeir sem hafa náð 18 ára aldri og er þá hægt að sækja um að fara á útkallsskrá, óski félagar þess.

Starfið er fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi á köflum. Við viljum hvetja alla sem hafa áhuga til að kynna sér starfið á facebook síðu Lífsbjargar eða með því að hafa samband við meðlim sveitarinnar.

Stjórn sveitarinnar er þannig skipuð:


Formaður: Hafsteinn Ingi Viðarsson

Varaformaður: Tómas Logi Hallgrímsson

Gjaldkeri: Viktoría Sif Viðarsdóttir

Ritari: Ægir Þór Þórsson

Meðstjórnandi: Benedikt Björn Sveinbjörnsson



Unglingadeildin Drekin



Unglingadeildin Dreki er fyrir alla krakka frá 8. bekk til 18 ára aldurs. Fundartímar eru annan hvern miðvikudag og byrja kl. 19.30, nema annað sé tekið fram á facebook síðu deildarinnar. Rútur eru frá Hellissandi kl 19.00 og frá Ólafsvík 19.20 og aftur heim í síðasta lagi kl 21.30.

Unglingardeildarstarfið gengur fyrst og fremst út á að læra undirstöðuatriði björgunarsveitarinnar og hvað það er að vera björgunarmaður/kona.



Á hverju ári eins og margir vita er farið í skemmtilegar ferðir með unglingadeildum um land allt, sem óvíst er hvernig fer í vetur vegna aðstæðna í samfélaginu, en við reynum okkar besta að finna aðrar skemmtanir þá í staðinn.

Frekari upplýsingar er hægt að finna á facebook síðu Drekans; Unglingadeildin dreki.

Umsjónamaður: Viktoría Sif Viðarsdóttir.



Hesteigendafélagið Geisli

Hesteigendafélagið Geisli er félag hesteigenda á Hellissandi. Félagið hefur haldið firmakeppni 17. júní ár hvert en undanfarin tvö ár hefur það ekki verið en vonandi verður betri tíð að ári. Félagið hefur einnig verið að fara í reiðtúra um svæðið. Það hefur verið reynt að halda reiðnámskeið en ekki verið næg þátttaka til að fá reiðkennara á svæðið. Höfum verið að leggja reiðvegi og höfum reynt að gera eitthvað skemmtilegt saman eins og t.d. að grilla saman. Við höfum tekið á móti gestum arnnars staðar frá, farið með hópa í gegnum þjóðgarðinn og um okkar fallega svæði hérna í Snæfellsbæ. Það má alltaf hafa samband við okkur í stjórninni og þá erum við öll að vilja gerð að fara með fólk/ hópa sem koma með sína hesta og fara með það um svæðið. Hesteigendafélagið verður 30 ára í ágúst 2021 og það verður sennilega gert eitthvað skemmtilegt í tilefni þess.

Stjórn:



Formaður: Edda Bára Sveinbjörnsdóttir, sími: 865-1688

Bárðarás 10, efri hæð, Hellissandi

Gjaldkeri: Þorsteinn Már Kristjánsson, sími: 848-9888

Rjúpnafell 27, Reykjavík

Ritari: Lárus Skúli Guðmundsson, sími: 863-6649



Hesteigendafélagið Hringur

Hesteigendafélagið Hringur er hagsmunafélag hesteigenda í Ólafsvík. Árið 2016 hófu félagsmenn byggingu reiðhallar í Fossárdal. Með mikilli vinnu félagsmanna og stuðning velunnarra félagsins þá tókst að byggja upp glæsilega aðstöðu fyrir félagsmenn. Tilkoma reiðhallarinnar hefur gjörbreytt upplifun og virkni hestamennsku á svæðinu. Reiðhöllin er notuð fyrir almenna þjálfun, námskeiðshald, keppnir og annað sem stuðlar að góðu félagsstarfi. Eins og stendur er félagið að vinna að uppbyggingu á nýjum keppnisvelli í Fossárdal og er fyrirhuguð vinna að bættum reiðleiðum á svæðinu auk þess að efla félagstarfið almennt.

Tölvvert hefur verið um námskeiðshald á vegum félagsins og hafa þau haft virkilega góð áhrif á virkni og áhuga félagsmanna sem og áhugafólks. Félagsmenn hafa reynt að sameinast um einhverjar hestaferðir yfir sumartímann en félagið vill blás enn meira lífi í sameiginlegar ferðir félagsmanna á komandi árum.

Félagið hefur verið mjög virkt í því að teyma undir börnum og öðrum áhugasömum á bæjarhátíðum, 17. júní samkomum, leikjanámskeiðum, útskrift leikskólabarna og svo mætti áfram telja. Það hefur vakið mikla gleði félagsmanna hversu margi hafa sóst í að kíkja á hestana, fara nokkra hringi og njóta. Félagið vill endilega fá sem flesta til að taka þátt í starfinu og hvetjum við alla sem hafa áhuga að hafa samband. Hestamennska er virkilega gefandi fjölskyldusport sem bíður upp á ótal leiðir til þess að njóta. Návist og vinnátta við hestana sjálfa, umhirða, hreyfing, útivista útreiðar, keppnir, sýningar, ferðalög og félagskapur.

Stjórn:

Formaður: Guðbjörg Ágústsdóttir, sími: 840 3583

Gjaldkeri: Snævar Ö. Arnarsson, sími: 698 1863

Ritari: Selma Pétursdóttir, sími: 822 2287





CF SNB

CF SNB ehf. hóf rekstur og var stofnað maí 2019. Fyrsta grunnnámskeið stöðvarinnar fór fram 18. maí 2019 þar sem Evert Víglunds, meðeigandi CrossFit Reykjavík, sá um fyrsta grunnnámskeiðið og voru alls 40 iðkendur sem komu þann dag. Síðan þá hefur verið talsverð aukning verið á iðkendum í stöðinni. CrossFit er fyrir unga jafnt sem aldna og óháð getu. CrossFit byggist á ólympískum lyftingum, styrktaræfingum, þolæfingum og liðleikabjálfun.



Lagt er upp úr fjölbreytileika og er boðið upp á námskeið líkt og KonuFit, EldraFit, KrakkaFit, MömmuFit og Yoga námskeið. Því ættu allir að finna sér einhvað við sitt hæfi. Einnig höfum við haldið námskeið bæði í Olympískum lyftingum og handstöðunámskeið og stefnt er að hafa fleiri slík námskeið í CF SNB. Stöðin hélt CrossFit mót þar sem fjöggra manna lið kepptu í kvenna flokki og karla flokki frá stöðvunum á Snæfellsnesi, BOX7 í Grundarfirði og Reiturinn í Stykkishólmi. Góð aðsókn var á mótið og einnig mættu heimamenn til að hvetja þátttakendur áfram og er stefnt að halda slíkt mót aftur með svipuðu fyrirkomulagi. Hafa stöðvarnar verið að skiptast á að halda mótin í sínu bæjarfélagi.





Eftir COVID var gripið til frekari aðgerða og lengt opnunartíma stöðvarinnar með því að hafa opið BOX fyrir meðlima stöðvarinnar, hafa þeir því aðgang að lyklaboxi og geta farið á opnunartímum stöðvarinnar og tekið sjálf æfingu. Einnig höfum við bætt við þjálfarteymi stöðvarinnar og eru þau Anna Þóra, Birgir, Brynja Elín, Gylfi Freyr og Þorbjörg komin inn sem þjálfarar hjá CF SNB en sjá þau um WOD tíma eða námskeið sem boðin eru upp á í CF SNB.



Eigendur stöðvarinnar eru þau Gestheiður Guðrún, Heimir Þór, Jón Steinar og Kristfríður Rós. Þær Gestheiður og Kristfríður sjá um rekstur og þjálfun í stöðinni. CF SNB er á smiðjugötu 5, á Rífi. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og tímasetningar eru á facebook síðunni CF SNB

Sólarsport

Sólarsport líkamsrækt hefur verið starfrækt frá árinu 1998 í Snæfellsbæ, stöðin er staðsett á efri hæð Sundlaugar Snæfellsbæjar. Sólarsport er vel tækjum búin líkamsrækt og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Sólarsport býður upp á fjölbreytta tímatöflu og námskeið. Nánari upplýsingar má finna á facebooksíðu Sólarsports.



Lionsklúbbar í Snæfellsbæ

Í Snæfellsbæ eru fjórir starfandi Lionsklúbbar, tveir karlklúbbar og tveir kvennklúbbar. Í Lions er lögð áhersla á vináttu félaganna og fjölskyldna þeirra.

Lionsklúbbur Nespinga, Hellissandi

Fundartími: 1. þriðjudag í mánuði, kl. 20:00

Fundarstaður: Félagsheimilið Röst, Hellissandi

Formaður: Hjörtur Guðmundsson



Þessi mynd er tekin í blóðsykursmælingu sem Lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ hafa staðið að sameiginlega í samstarfi við Heilsugæslustöðina

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Fundartími: 2. og 4. sunnudag hvers mánaðar, kl. 20:00

Fundarstaður: Safnaðarheimili Ólafsvíkur

Formaður: Einar Magnús Gunnlaugsson

Lionsklúbburinn Rán, Ólafsvík

Fundartími: 2. þriðjudag í mánuði, kl. 19:00

Fundarstaður: Félagsheimilið Klif, Ólafsvík

Formaður: Bjarney Jörgensen

Lionsklúbburinn Þernan, Hellissandi

Fundartími: 2. miðvikudag í mánuði, kl. 19:00

Fundarstaður: Félagsheimilið Röst, Hellissandi

Formaður: Birna Sigurðardóttir

Félagið Snæfellsbæ

Kvenfélag Ólafsvíkur

Fundartími: 1. þriðjudag í mánuði, kl. 20:00

Fundarstaður: Safnaðarheimili Ólafsvíkur

Formaður: Kristín Vigfúsdóttir

Kvenfélag Hellissands

Fundartími: 1. mánudag í mánuði frá október fram í maí, kl. 20:00

Fundarstaður: Félagsheimilið Röst, Hellissandi

Formaður: Maríanna Sigurbjargardóttir

Slysavarnafélagið Sumargjöf

Fundartími: Það eru ekki reglulegir félagafundir, aðalfundir í mars og svo stjórnarfundir

Fundarstaður: Björgunarstöðin Von, Háarif

Formaður: Ragnheiður Víglundsdóttir

Slysavarnadeildin Helga Bárðardóttir

Fundartími: Það eru ekki reglulegir félagafundir, aðalfundur einu sinni á ári og svo stjórnarfundir

Fundarstaður: Björgunarstöðin Von, Háarif

Formaður: Albína Helga Gunnarsdóttir

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness

Formaður: Astrid Gundersen, sími: 892-1708/435-6724, olkelda@gmail.com

Sjá allar upplýsingar um klúbbinn á <https://www.systur.is/snaefellsnes/index.php>

Félagið Sagnaseiður á Snæfellsnesi

Markmið félagsins er að safna, varðveita og miðla sagnaarfi Snæfellsness. Það eru ekki neinir fastir fundir hjá félaginu. Formaður: Dagbjört Dúna

Vefsíða félagsins er www.peopleoficeland.is, Netfang er snaefellsnes@peopleoficeland.is

Skógræktarfélag Ólafsvíkur, formaður: Vagn Ingólfsson

Skógræktar- og landverndarfélagið undir jökli, formaður: Lydía Rafnsdóttir

Heilsuvika Snæfellsbæjar



Heilsuvika Snæfellsbæjar hefur verið haldin af íþrótt- og æskulýðsnefnd og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa árlega síðan árið 2016. Í heilsuviku hefur verið í boði vegleg dagskrá og mikill undirbúningur hefur verið lagður í þetta verkefni. Í boði hafa verið námskeið og fyrirlestrar fyrir unga sem aldna og fyrirtæki í sveitarfélaginu hafa tekið þátt með viðburðum og veitt afslætti af sínum vörum. Heilsuvikunni hefur verið vel tekið af heimamönnum og þeir duglegir að taka þátt og njóta þess sem er í boði hverju sinni.

Það var hugmynd eftir heilsuvikuna 2019 að breyta fyrirkomulaginu þannig að í stað einnar viku verða heilsutengdum viðburðum dreift yfir árið og var það von nefndarinnar að fá fleiri til að sækja viðburði. Fyrsti viðburðurinn af mörgum sem átti að vera árið 2020 var fyrirlestur með Begga Ólafs en vegna Covid 19 urðu viðburðirnir ekki fleiri þetta árið.

Snæfellsjökulshlaupið

Snæfellsjökulshlaupið hefur verið haldið síðan 2010 og var þetta í tíunda skiptið sem hlaupið var haldið í sumar. Hlaupið hefur fengið mjög góðar viðtökur undanfarin ár og heppnast mjög vel. Það eru hjónin Rán Kristinsdóttir og Fannar Baldursson sem stofnuðu Snæfellsjökulshlaupið og hafa séð um það síðan.

Hlaupaleiðin er um 22km frá Arnarstapa til Ólafsvíkur. Langstærsti hluti hlaupsins er malarvegur. Fyrstu 8km þarf að hlaupa upp í móti í c.a. 700metra hæð. Síðan tekur hlaupaleiðin að smá lækka þar til komið er til Ólafsvíkur. Hlauparar eiga von á að þurfa kjást við snjó og drullu frá 1km til 7km af leiðinni, en fer það eftir því hvað veturinn var snjóþungur. Hlauparar fá á leiðinni að upplifa einstaka náttúrufegurð og að öllu ógleymdu allri þeirri orku sem Snæfellsjökull býr yfir.



Bókasafn Snæfellsbæjar

Bókasafn Snæfellsbæjar er staðsett að Hjarðartúni 4-6 í Ólafsvík. Það eru allir velkomnir á Bókasafn Snæfellsbæjar, árgjaldið er frítt. Flestir ættu að geta fundið sér góða bók við sitt hæfi. Nýjustu skáldsögurnar, barna- og unglingabækurnar eru keyptar inn fyrir safnið.

Munum Þjóðarsáttmála um læsi, sem hefur það markmið að öll börn geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla. Nýtum Bókasafnið, hvetjum börnin okkar til að lesa sér til gamans.

Opunartími 1. október 2020 – 1. maí 2021

Mánudaga frá kl. 16:00 - 18:00

Þriðjudaga frá kl. 10:00 – 13:00 og 20:00 – 22:00

Miðvikudaga frá kl. 16:00 - 18:00

Fimmtudaga frá kl. 10:00 - 13:00

Föstudaga frá kl. 13:00 – 15:00

Bókasafnsvörður er Fríða Sveinsdóttir.


Sími: 433-6928, netfang: bokasafn@snb.is

Facebook: Bókasafn Snæfellsbæjar



Bæjarhátíðir


Í Snæfellsbæ eru tvær bæjarhátíðir haldnar. Í Ólafsvík er Ólafsvíkurvaka haldin annað hvert ár og svo Sandara- og Rifsaragleði á Hellissandi og Rifi annað hvert ár á móti. Sandara- og Rifsaragleði var haldin 10-12 júlí s.l. og samkvæmt skipulagi á að halda Ólafsvíkurvöku í lok júní 2021.





Góð hreyfing er ekki
mæld út frá svita,
hitaeningum eða
harðsperrum.

#verumhraust



Það er auðvelt
og ódýrt að fara
út að hlaupa.

#verumhraust




Ganga styrkir vöðva og
bein og örvar blóðrásina
í öllum líkamanum,
líka heilanum.

#verumhraust



Í góðri hreyfingu
leysist úr læðingi
orka sem kallar
fram vellíðan.

#verumhraust



Að sippa reglulega
er gott fyrir hjartað.
Það eykur jafnvægi
og samhæfingu.

#verumhraust

TÍMATAFLA

HAUST/VETUR 2020-2021

TÍMI	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:10 - 14:10	BYRJENDABOLTI				
14:10 - 15:10	SUND 3.-5. B 7 fl. KK & KVK	FRJÁLSAR 1-5.b. 6 fl. KK	SUND 3.-5. B 7 fl. KK & KVK	FRJÁLSAR 1-5.b.	6 fl. KK
15:10 - 16:10	SUND 1.-2. B 5 fl. KK	5 fl. KK	SUND 1.-2. B 6 fl. KK	SUND 6.-10. B 5 fl. KK	5 og 6 fl. KVK
16:10 - 17:10	SUND 6.-10. B 4 fl. KVK og KK	5 og 6 fl. KVK	SUND 6.-10. B 4 fl. KVK og KK	5 og 6 fl. KVK	4 fl. KVK og KK
17:10 - 18:10	3 fl. KK og KVK	KÖRFUBOLTI 1-6 b. 4 fl. KVK og KK	3 fl. KK og KVK	3 fl. KK og KVK	3 fl. KK og KVK
18:10 - 19:10	KÖRFUBOLTI 7.-10 b.				
19:10 - 20:10	KÖRFUBOLTI 16 ára+	BOCCIA			
20:10 - 21:10	BLAK	FÓTBOLTI	BLAK	FÓTBOLTI	
21:10 - 22:10					
TÍMI	Laugardagur	Sunnudagur			
10:00 - 11:00	ÍPRÓTTASKÓLI Leikskólabörn				
11:00 - 12:00	Fótbolti 1-5 b.				
12:00 - 13:00	Fótbolti 6-10 b.				



Snæfellsbær

Útgefandi: Snæfellsbær

Ábyrgðarmaður: Laufey Helga Árnadóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi

Ljósmyndir: Ýmsir

Prentun: Steinprent